

## 26. Grein - Fastaráð BÍS

Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á 26. grein um fastaráð BÍS

### 26. GREIN - FASTARÁÐ BÍS

26. Grein laga BÍS fjallar um kosningu í fastaráð. Þar er tiltekið að kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert ráð en stjórn geti ákveðið að fleiri séu í kjöri. Uppstillingarnefnd hefur kosið að túnka þetta þróngt, þannig að ef stjórn ákveður ekki annað þá séu einungis þrjú sæti í boði. Það var ekki upphaflegur tilgangur lagagreinarinnar, heldur að það væri að lágmarki þrír en ef fleiri væru í framboði þá mætti kjósa alla (upp að einhverju hámarki). Þessi lagabreytingartillaga reynir að leiðréttu þetta misræmi á skilningi. Einnig leggjum við til að afnema neðri mörk á aldri fyrir fulltrúa í fastaráði og miða frekar einungis við efri mörkin.

#### Núverandi grein:

...  
Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **á aldrinum 18-25 ára**. Skátar sem bjóða sig fram í ungmannaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmannaráð er kosið árlega Ungmennaþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátabings eða fundarboði Ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmannaráðs.

#### Verður:

...  
Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi **yngri en 26 ára**. Skátar sem bjóða sig fram í ungmannaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Kosnir skulu að lágmarki þrír **en að hámarki fimm** í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmannaráð er kosið árlega Ungmennaþingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátabings eða fundarboði Ungmennaþings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmannaráðs. **Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir.**

#### Flutningsaðili:

Stjórn BÍS

Flutningsaðili breytingatillögur:

Ragnheiður Silja - Garðbúum